

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Stykkishólmsbæ.

Súgandisey, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 24. febrúar 2022 deiliskipulag fyrir Súgandisey. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið tekur til Súgandiseyjar, sem skilgreind er sem óbyggt svæði í aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022. Eyjan er í eigu sveitarfélagsins og tekur til 3,5 ha lands sem afmarkast af sjó á þrjá vegu og höfninni til suðurs. Meginmarkmið skipulagsins er að skapa ramma utan um svæði fyrir útivistarfólk til göngu og náttúruupplifunar og tryggja öryggi sjófarenda með sjótengdum mannvirkjum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 18. mars 2022.

Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 1. apríl 2022